

Mál nr. 200/2025.

Nafn málskotsaðila: (M1) og (M2).

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Sjúklingatrygging og ábyrgðartrygging.

Nafn váttryggingartaka sjúklingatryggingar (X)

Bótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttakið 2. júní 2025, ásamt fylgiskjöllum.
2. Athugasemdir V, dags. 14. júlí 2025.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 4. nóvember 2025.

Málsatvik.

Í málskoti fara M (M1 og M2) fram á bæt看ur úr sjúklingatryggingu X hjá V vegna þess óafturkræfa tjóns sem þau telja að rekja megi til þess að ljósmóðir í mæðravernd á vegum X hafi brugðist skyldum sínum. Barn M1 og M2 fæddist andvana 21. desember 2021. Í málskoti benda M m.a. á eftirfarandi atriði sem þau telja að hafi brugðist í mæðraverndinni: 1. M taka fram að við upphaf meðgöngu hafi ljósmóðir áðveðið að móðir, M1, skyldi fá aukið mæðraeftirlit þar sem hún hafði fengið meðgöngueitrun á fyrri meðgöngu. Því hafi verið talin rík ástæða til aukins eftirlits. M telja gögn málsins sýna að M1 hafi ekki fengið aukið mæðraeftirlit. 2. Þá byggja M á því að fæðingarlæknir hafi undir lok meðgöngu ákveðið að M1 færi á blóðþrýstingslyf en að ljósmóðir heilsugæslu hafi verið ósammála því mati læknisins. Því hafi ekki orðið af lyfjagjöf. 3. Ljósmóðir hafi ekki gert viðeigandi ráðstafanir til aukins eftirlits og skoðunar þegar kúla M1 hafi staðið í stað við mælingar undir lok meðgöngu. Þá hafi mælingar ljósmóður verið rangar. 4. M hafi viðrað áhyggjur sínar í skoðunum síðustu fjórar vikurnar um að þeim fyndist bumba M1 ekki vera að stækka. Við þeim ábendingum hafi ljósmóðir aldrei brugðist. 5. Ljósmóðir hafi sent M1 í einfaldan sónar í viku 39 á heilsugæslu þar sem einungis hafi verið athugað kollsvæði barnsins og hvort barnið hefði skorðað sig. M furða sig á því af hverju ekki var einnig framkvæmdur venjulegur vaxtasónar, sem að þeirra mati hefði strax sýnt að barnið var ekki lengur að vaxa. 6. M telja ósamræmi í frásögn ljósmóður á atvikum í meðgöngueftirliti og því sem hún sagði eftir að í ljós kom að barnið fæddist andvana. 7. Móðir var gengin 40 vikur og 3 daga þann 21. desember 2021. M fullyrða að ljósmæður á Landspítala hafi verið mjög undrandi yfir því að ljósmóðir skyldi ekki hafa á þeim tíma verið búin að bóka gangsetningu fæðingar. Það væri vaninn við kringumstæður sem þessar. 8. Samantekið telja M að ónákvæmni hafi einkennt vinnubrögð ljósmóðurinnar alla meðgönguna og ekki síst síðustu vikurnar þar sem í engu hafi verið brugðist við eðlilegum og réttmætum ábendingum og áhyggjum um að kúlan væri ekki að stækka. M telja að það að ljósmóðir brást í engu við þessu hafi haft úrslitaáhrif á það hvernig fór. 9. Meðgöngueftirliti er ætlað að fylgjast með heilsu móður og heilsu og þroska barns á meðgöngu. M telja að ljósmóðirin í mæðraverndinni hafi brugðist skyldum sínum gagnvart þeim í þessu ferli, ekki síst á síðustu fjórum vikum meðgöngu. Ekki er hins vegar í málatilbúnaði M að finna nánari tilvísun til þeirra ákvæða þágildandi laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000 sem bótakrafan er byggð á.

Í athugasemd V, dags. 14. júlí 2002 er því hafnað að fyrir hendi sé bótaréttur úr sjúklingatryggingu X, vegna meintrar vanrækslu ljósmóður. Tekur V fram að þrátt fyrir að það komi ekki fram í málatilbúnaði M á hvaða ákvæðum þágildandi laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000 kröfugerðin sé byggð gangi félagið út frá því að það sé 1. tl. 2. gr. Síðan gerir V ítarlega grein fyrir atvikum máls í tímatröð með skýrum tilvísunum í þau gögn sem liggja fyrir í málinu. Jafnframt færir V jafn ítarleg rök fyrir þeirri skoðun sinni að ekki sé fyrir að fara bótarétti í málinu. Í því sambandi er sérstaklega vikið að atriðum sem tengjast auknu eftirliti með M1, mælingum á blóðþrýstingi, stækkun kúlu M1 og hreyfingum fósturs. Kemst V að þeirri niðurstöðu að ekki verði séð að starfsfólk heilsugæslunnar hafi farið á svig við almennt verklag og þær leiðbeiningar sem gerðar hafi verið fyrir mæðravernd á Íslandi. Því sé ekki hægt að fallast á að starfsfólk X hafi ekki sinnt meðferð eins vel og unnt var og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði.

Í viðbótarathugasemdum M, dags. 4. nóvember 2025, er að finna frekari rök gegn þeim sjónarmiðum sem fram koma í framangreindum athugasemdum V.

Álit.

Rétt til bóta samkvæmt þágildandi lögum um sjúklingatryggingu eiga, skv. 1. mgr. 1. gr. laganna, sjúklingar sem verða fyrir líkamlegu eða geðrænu tjóni hér á landi í tengslum við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð hjá m.a. sjúkrahúsi, heilsugæslustöð eða annarri heilbrigðisstofnun. Í 1. mgr. 2. gr. sagði að bætur skuli greiða án tillits til þess hvort einhver ber skaðabótaábyrgð samkvæmt reglum skaðabótaréttarins, enda megi að öllum líkindum rekja tjónið til nánar tilgreindra atvika sem tiltekin eru í fjórum töluliðum. M virðast byggja kröfu sína á 1. tl. sem var svohljóðandi: *1. Ætla má að komast hefði mátt hjá tjóni ef rannsókn eða meðferð við þær aðstæður sem um ræðir hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði.*

Aðila greinir á um hvort skilyrði þessa ákvæðis séu uppfyllt. Þó sönnunarkröfur til tjónþola séu vægari en ella þegar kemur að sjúklingatryggingu hvílir það samt sem áður á M að sýna fram á að tjón þeirra sé „að öllum líkindum“ að rekja til þeirra atvika sem tilgreind voru í 1. mgr. 2. gr. þágildandi laga um sjúklingatryggingu. Svo skilyrði 1. tl. 1. mgr. 2. gr. séu uppfyllt þarf þá að gera líklegt að meðferð sem ætla megi að leitt hafi til tjóns hafi ekki verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði og að með vandaðri meðferð hefði að líkindum mátt komast hjá tjóni.

Nefndin bendir á að framangreindur máltilbúnaður M og rök þau sem sett eru fram af þeirra hálfu eru ekki stutt fyrirbyggjandi sérfæðigögnum sem hægt væri að byggja niðurstöðu á. Á hinn bóginn liggja fyrir í málinu upplýsingar frá heilbrigðisstarfsmönnum sem benda til þess að mæðraeftirlitið hafi verið eðlilegt og faglegt.

Er það því mat nefndarinnar að M hafi ekki tekist að sýna fram á að tjónið megi að öllum líkindum rekja til þeirra atvika sem tilgreind eru í 1. tl. 2. gr. þágildandi laga um sjúklingatryggingu og að skilyrði bótaskyldu séu því ekki uppfyllt. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er því óhjákvæmilegt að hafna kröfum M.

Að gefnu tilefni skal einnig tekið fram að sá ársfrestur sem um er rætt í 2. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga, á ekki við í málinu enda er um að ræða kröfu í ábyrgðartryggingu.

Niðurstaða.

M eiga ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu X hjá V.

Reykjavík, 2. desember 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir